Reykjanesbær, 12. júní 2026

721. fundur bæjarstjórnar Reykjanesbæjar haldinn að Grænásbraut 910
16. júní 2026, kl. 17:00

## DAGSKRÁ

1. **Breyting á samþykkt um stjórn Reykjanesbæjar og fundarsköp bæjarstjórnar – síðari umræða (2026050381)**
2. **Kosningar í nefndir, ráð og stjórnir til fjögurra ára sbr. 57. gr. samþykktar um stjórn Reykjanesbæjar og fundarsköp bæjarstjórnar (2026050306)**
3. **Fundargerðir bæjarráðs 4. og 11. júní 2026 (2026010008)**
4. **Fundargerð umhverfis- og skipulagsráðs 5. júní 2026 (2026010016)**
5. **Málefnasamningur meirihluta bæjarstjórnar Reykjanesbæjar 2026 – 2030 (2026060218)**
6. **Sumarleyfi bæjarstjórnar (2026060064)**

Fundargerð

1566. fundur bæjarráðs Reykjanesbæjar, haldinn að Grænásbraut 910 - Seltjörn, 4. júní 2026, kl. 08:15

Viðstaddir:

Gunnlaugur Kárason formaður, Guðný Birna Guðmundsdóttir, Halldóra Fríða Þorvaldsdóttir, Kristján Pétur Kristjánsson og Margrét Þórarinsdóttir.

Að auki sátu fundinn Vilhjálmur Árnason bæjarstjóri og Hrefna Gunnarsdóttir ritari.

* * *

1. Kosningar í nefndir/stjórnir sbr. 58. gr. samþykktar um stjórn Reykjanesbæjar (2026060015)

1.1. Stjórn Brunavarna Suðurnesja bs., 3 aðalmenn og 3 til vara

Aðalmenn: Gunnlaugur Kárason (M), Alma Guðnadóttir (D) og Guðný Birna Guðmundsdóttir (S)

Varamenn: Rúnar Fossádal Árnason (M), Guðbergur Reynisson (D) og Sigurrós Antonsdóttir (S)

1.2. Stjórn Heilbrigðisnefndar Suðurnesja, 2 aðalmenn og 2 til vara

Aðalmenn: Þuríður B. Ægisdóttir (D) og Hreinn Ágúst Kristinsson (B)

Varamenn: Guðdís Eiríksdóttir (M) og Steinunn Ósk Valsdóttir (B)

1.3. Stjórn Miðstöðvar símenntunar á Suðurnesjum, 1 aðalmaður og 1 til vara

Aðalmaður: Sunna Gunnarsdóttir (D)

Varamaður: Guðdís Eiríksdóttir (M)

1.4. Stjórn Reykjanes jarðvangs, GeopPark: 1 aðalmaður og 1 til vara

Aðalmaður: Ásdís Ólafsdóttir (D)

Varamaður: Gunnlaugur Kárason (M)

1.5. Stjórn Sambands sveitarfélaga á Suðurnesjum, 1 aðalmaður og 1 til vara

Aðalmaður: Vilhjálmur Árnason (D)

Varamaður: Gunnlaugur Kárason (M)

1.6. Stjórn Kölku sorpeyðingarstöð sf., 2 aðalmenn og 2 til vara

Aðalmenn: Sigurgeir Rúnar Jóhannsson (D) og Sigurrós Antonsdóttir (S)

Varamenn: Gunnlaugur Kárason (M) og Guðný Birna Guðmundsdóttir (S)

1.7. Svæðisskipulag Suðurnesja, 2 aðalmenn og 2 til vara

Skipun fulltrúa frestað.

1.8. Stjórn HS veitna

Kristján Pétur Kristjánsson (D) formaður

Gunnlaugur Kárason (M)

Margrét Ó. Sanders (D)

Halldóra Fríða Þorvaldsdóttir (B)

Varamenn:

Rúnar Fossádal Árnason (M)

Andri Freyr Stefánsson (B)

1.9. Öldungaráð Suðurnesja, 1 aðalmaður og 1 til vara

Aðalmaður: Sigrún Þorsteinsdóttir (M)

Varamaður: Ásmundur Friðriksson (D)

1.10. Landeigendur Ytri-Njarðvíkurhverfis með Vatnsnesi.1 aðalmaður og 1 til vara

Aðalmaður: Erla Bjarný Gunnarsdóttir

Varamaður: Gunnar Kristinn Ottósson

1.11.Samráðshópur um málefni fatlaðs fólks. 6 aðalmenn og 6 til vara

Þrír fulltrúar og þrír til vara skulu kosnir af bæjarstjórn að loknum sveitarstjórnarkosningum

Þrír fulltrúar og þrír til vara skulu tilnefndir af hagsmunasamtökum fatlaðs fólks

Aðalmenn: Sigrún Þorsteinsdóttir (M), Björg Hafsteinsdóttir (D) og Gunnrún Theodórsdóttir (B)

Varamenn: Ólöf Steinunn Lárusdóttir (D), Bjarni Geir Bjarnason (M) og Magnús Einþór Áskelsson (S)

1.12. Fasteignir Reykjanesbæjar: 3 aðalmenn og 3 til vara

Aðalmenn: Kristján Pétur Kristjánsson (D), Harpa B. Sævarsdóttir (D) og Ingimundur Jónsson (B)

Varamenn: Gunnlaugur Kárason (M), Viðar Einarsson (D) og Eva Stefánsdóttir (B)

1.13. Hviða fjárfestingarfélag: 1 aðalmaður og 1 til vara

Aðalmaður: Gunnlaugur Kárason (M)

Varamaður: Kristján Pétur Kristjánsson (D)

1.14. Uppbyggingarsjóður Suðurnesja, 1 aðalmaður og 1 til vara

Aðalmaður: Margrét Ó. Sanders (D)

Varamaður: Rúnar Fossádal Árnason (M)

1.15. Stjórn Kadeco:

Aðalmaður: Rúnar Fossádal Árnason (M)

Varamaður: Margrét Ó. Sanders (D)

1.16. Stjórn samtaka orkusveitarfélaga

Aðalmaður: Gunnlaugur Kárason (M)

Varamaður: Vilhjálmur Árnason (D)

1.17. Stjórn Hrafnistu, 1 aðalmaður og 1 til vara

Aðalmaður: Ásmundur Friðriksson (D)

Varamaður: Davíð Brár Unnarsson (M)

1.18. Vatnasvæðanefnd:

Margrét Lilja Margeirsdóttir deildarstjóri umhverfismála

1.19. Skipulagsnefnd Keflavíkurflugvallar, 1 aðalmaður og 1 til vara

Aðalmaður: Vilhjálmur Árnason (D)

Varamaður: Rúnar Fossádal Árnason (M)

1.20. Farsældarráð Suðurnesja

Skipun fulltrúa frestað.

1.21. Stjórn Bílastæðasjóðs

Gunnlaugur Kárason (M), Margrét Þórarinsdóttir (D), Kristján Pétur Kristjánsson (D), Halldóra Fríða Þorvaldsdóttir (B) og Guðný Birna Guðmundsdóttir (S).

2. Ráðning bæjarstjóra (2026050339)

   Lögð fram drög að ráðningarsamningi bæjarstjóra Reykjanesbæjar.

   Bæjarráð samþykkir ráðningarsamninginn 3-0 með atkvæðum Gunnlaugs Kárasonar (M), Kristjáns Péturs Kristjánssonar (D) og Margrétar Þórarinsdóttur (D). Halldóra Fríða Þorvaldsdóttir (B) og Guðný Birna Guðmundsdóttir (S) greiða atkvæði á móti.

3. Siðareglur kjörinna fulltrúa (2026050308)

   Siðareglur kjörinna fulltrúa lagðar fram til kynningar.

4. Samþykkt um þátttöku bæjarsjóðs í gerð girðinga (2026060031)

   Erla Bjarný Gunnarsdóttir lögfræðingur umhverfis- og framkvæmdasviðs og Margrét Lilja Margeirsdóttir deildarstjóri umhverfismála mættu á fundinn.

Lögð fram drög að samþykkt um þátttöku bæjarsjóðs í gerð girðinga með götum, opnum svæðum, göngustígum.

Bæjarráð samþykkir framlögð drög 5-0.

5. Málefni heilbrigðisnefnda (2026010453)

   Bæjarráð samþykkir að hefja samtal við önnur sveitarfélög á Suðurnesjum og óskar eftir að fulltrúi Heilbrigðiseftirlit Suðurnesja komi á fund bæjarráðs.

6. North Star Rentals ehf. - ökutækjaleiga/geymslustaður ökutækja Grænásbraut 506 - beiðni um umsögn (2026060023)

   Erindi Samgöngustofu vegna umsóknar um leyfi fyrir geymslustað ökutækja vegna ökutækjaleigu. Lögð fram umsögn byggingarfulltrúa Reykjanesbæjar. Bæjarráð samþykkir umsóknina fyrir sitt leyti með vísan til fyrirliggjandi umsagnar.

7. Fundargerð stjórnar Sambands íslenskra sveitarfélaga 28. maí 2026 (2026010670)

   Lögð fram til kynningar fundargerð stjórnar Sambands íslenskra sveitarfélaga.

8. Fundargerð stjórnar Kölku sorpeyðingarstöðvar 10. mars 2026 (2026040232)

   Lögð fram til kynningar fundargerð stjórnar Kölku sorpeyðingarstöðvar sf.

9. Umsagnarmál í samráðsgátt (2026010453)

   - Áform um frumvarp til laga um breytingu á hafnalögum (Gjaldaákvæði hafnalaga), mál nr. 93/2026, https://island.is/samradsgatt/mal/4240

   Umsagnar mál lagt fram.

   Bæjarráð felur Halldóri K. Hermannssyni sviðsstjóra atvinnu- og hafnarsviðs að koma með umsögn til bæjarráðs.

______________________________

Fleira ekki gert og fundi slitið kl. 10:30

Fundargerð

1567. fundur bæjarráðs Reykjanesbæjar, haldinn að Grænásbraut 910 - Seltjörn,
11. júní 2026, kl. 08:15

Viðstaddir:

Gunnlaugur Kárason formaður, Alexander Ragnarsson, Guðný Birna Guðmundsdóttir, Halldóra Fríða Þorvaldsdóttir og Margrét Þórarinsdóttir.

Að auki sátu fundinn Vilhjálmur Árnason bæjarstjóri og Hrefna Gunnarsdóttir ritari.

Kristján Pétur Kristjánsson boðaði forföll, Alexander Ragnarsson sat fyrir hann.

* * *

1. Niðurstaða útboðs - lóðarfrágangur Myllubakkaskóla (2021050174)

   Hreinn Ágúst Kristinsson deildarstjóri eignaumsýslu situr fundinn undir þessum dagskrárlið. Guðlaugur H. Sigurjónsson sviðsstjóri umhverfis- og framkvæmdasviðs mætir á fundinn í gegnum fjarfundarbúnað.

   Lagt fram minnisblað vegna útboðs á lóðarfrágangi við Myllubakkaskóla.

   Bæjarráð hafnar öllum innsendum tilboðum þar sem öll tilboð sem bárust voru yfir kostnaðaráætlun. Bæjarráð felur Hreini Ágúst Kristinssyni deildarstjóra eignaumsýslu að vinna málið áfram.

2. Stefna um ljósvist í Reykjanesbæ (2025090508)

   Aron Heiðar Steinsson veitustjóri situr fundinn undir þessum dagskrárlið.

   Kynnt drög að ljósvistarstefnu Reykjanesbæjar.

   Bæjarráð felur Vilhjálmi Árnasyni bæjarstjóra að vinna málið áfram í samræmi við umræður á fundinum.

3. Innleiðing tengigjalds á fráveitu (2026060140)

   Aron Heiðar Steinsson veitustjóri situr fundinn undir þessum dagskrárlið.

   Lagt fram minnisblað um tengigjald fráveitu Reykjanesbæjar.

   Bæjarráð felur Vilhjálmi Árnasyni bæjarstjóra að vinna málið áfram í samræmi við umræður á fundinum.

4. Launað námsleyfi - verklagsregla (2026060125)

   Iðunn Kristín Grétarsdóttir forstöðumaður launa- og kjaradeildar situr fundinn undir þessum dagskrárlið.

Lagðar fram til kynningar verklagsreglur um launað námsleyfi starfsfólks Reykjanesbæjar.

5. Barnaverndarþjónusta - drög að samningi við Grindavíkurbæ (2025120125)

   Hera Ósk Einarsdóttir sviðsstjóri velferðarsviðs situr fundinn undir þessum dagskrárlið.

   Lögð fram uppfærð drög að samningi Reykjanesbæjar og Grindavíkurbæjar sem kynntur hafði verið á 1564. fundi bæjarráðs 15. maí 2026.

   Bæjarráð samþykkir framlögð drög og felur Vilhjálmi Árnasyni bæjarstjóra að undirrita samninginn fyrir hönd Reykjanesbæjar.

6. Skólaþjónusta - drög að samningi við Grindavíkurbæ (2026060152)

   Helgi Arnarson sviðsstjóri menntasviðs situr fundinn undir þessum dagskrárlið.

   Lögð fram drög að þjónustusamningi milli Reykjanesbæjar og Grindavíkurbæjar um samstarf veitingu skólaþjónustu við leik- og grunnskóla Grindavíkurbæjar.

   Bæjarráð samþykkir framlögð drög og felur Helga Arnarsyni sviðsstjóra menntasviðs að undirrita samning þar að lútandi.

7. Sumarbúðir Íþróttasambands fatlaðra - stuðningur (2026060065)

   Lagt fram erindi frá stjórn Íþróttasambandi fatlaðra.

   Þar sem íþrótta- og tómstundaráð hefur ekki tekið til starfa leitar íþrótta- og tómstundafulltrúi til bæjarráðs með erindið. Um er að ræða styrkbeiðni vegna þátttöku einstaklinga úr Reykjanesbæ og skv. íþrótta- og tómstundafulltrúa er til fjármagn á lykli 06-020-9220. Bæjarráð samþykkir erindið fyrir sitt leyti.

8. Stuðningur við afreksíþróttafólk (2026060112)

   Lagt fram erindi frá Sundráði ÍRB, beiðni um stuðning við sundfólk sem hefur verið valið í landsliðsverkefni þetta árið. Áætlaður kostnaður vegna verkefnisins er kr. 5.000.000.

   Bæjarráð samþykkir erindið og felur Hafþóri B. Birgissyni íþrótta- og tómstundafulltrúa að vinna áfram í málinu í samræmi við umræður á fundinum.

9. Sumarstörf hjá knattspyrnudeildum Keflavíkur og Njarðvíkur (2026060128)

   Lagt fram erindi þar sem óskað er eftir tilfærslu fjármagna af launalykli Vinnuskólans 06-270-1110 yfir á fjármagnaslykla 06-610-4990 knattspyrnudeild Keflavíkur og 06-611-4990 knattspyrnudeild Njarðvíkur vegna ráðningar starfsfólks yfir sumartímann.

   Bæjarráð samþykkir 5-0 tilfærslu fjármagnsins.

10. Kosningar í nefndir/stjórnir sbr. 58. gr. samþykktar um stjórn Reykjanesbæjar (2026060015)

    10.1. Stjórn Brunavarna Suðurnesja bs., 3 aðalmenn og 3 til vara

    Aðalmenn: Gunnlaugur Kárason (M), Guðbergur Reynisson (D) og Guðný Birna Guðmundsdóttir (S)

    Varamenn: Rúnar Fossádal Árnason (M), Alexander Ragnarsson (D) og Aðalheiður Hilmarsdóttir (S)

    10.2. Svæðisskipulag Suðurnesja, 2 aðalmenn og 2 til vara

Aðalmenn:  Rúnar Fossádal Árnason (M) og Gunnar Kristinn Ottósson skipulagsfulltrúi

Varamenn: Guðbergur Reynisson (D) og Gunnlaugur Kárason (M)

10.3. Landeigendur Ytri-Njarðvíkurhverfis með Vatnsnesi, 1 aðalmaður og 1 til vara

Aðalmaður: Erla Bjarný Gunnarsdóttir lögfræðingur umhverfis- og skipulagssviðs

Varamaður: Anna Þóra Gísladóttir verkefnastjóri byggingafulltrúa

10.4. Farsældarráð Suðurnesja

Margrét Þórarinsdóttir (D) fyrir hönd meirihluta bæjarstjórnar

Sigurrós Antonsdóttir (S) fyrir hönd minnihluta bæjarstjórnar

Heru Ósk Einarsdóttur fyrir hönd velferðarsviðs

Vilborg Pétursdóttir fyrir hönd velferðarsviðs

Helga Arnarson fyrir hönd menntasviðs

Kolfinna Njálsdóttir fyrir hönd menntasviðs

11. Umsagnarmál í samráðsgátt (2026010453)

- Áform um frumvarp til laga um breytingu á hafnalögum (Gjaldaákvæði hafnalaga), mál nr. 93/2026
  https://island.is/samradsgatt/mal/4240

Lögð fram umsögn frá Halldóri K. Hermannssyni sviðsstjóra atvinnu- og hafnamála.

___________________________

Fleira ekki gert og fundi slitið kl. 10:25

**Fundargerð**

390. fundur umhverfis- og skipulagsráðs Reykjanesbæjar, haldinn að Grænásbraut 910
5. júní 2026, kl. 08:15

Viðstaddir: Gunnar Felix Rúnarsson, Aðalgeir Jónsson, Jón Már Sverrisson, Róbert Jóhann Guðmundsson og Hjörtur Magnús Guðbjartsson.

Að auki sátu fundinn Andrea Elísabet Ragnarsdóttir fulltrúi ungmennaráðs, Gunnar Kristinn Ottósson skipulagsfulltrúi, Guðlaugur H. Sigurjónsson sviðsstjóri umhverfis- og skipulagssviðs, Erla Bjarný Gunnarsdóttir lögfræðingur, Anna Þóra Gísladóttir verkefnastjóri byggingarfulltrúa og Erna María Svavarsdóttir ritari.

* * *

1. **Verkefni umhverfis- og skipulagsráðs (2026060050)**

   Skipulagsfulltrúi fór yfir helstu verkefni skipulagsráðs.

   Lagt fram.

2. **Stefna um ljósvist í Reykjanesbæ (2025090508)**

   Aron Heiðar Steinsson veitustjóri mætti á fundinn og kynnti drög að stefnu um ljósvist ásamt aðgerðaáætlun fyrir Reykjanesbæ og óskaði heimildar til að halda áfram með málið.

   Umhverfis- og skipulagsráð heimilar veitustjóra að halda áfram með málið.

3. **Mælaborð umhverfis- og framkvæmdasviðs (2025050559)**

   Guðlaugur H. Sigurjónsson sviðsstjóri umhverfis- og skipulagssviðs kynnti mælaborð sviðsins fyrir fyrsta ársfjórðung 2026.

   Lagt fram.

4. **Endurskoðun aðalskipulags (2026060051)**

   Samkvæmt 35. gr. skipulagslaga metur sveitarstjórn hvort ástæða sé til að endurskoða aðalskipulagið að loknum sveitarstjórnarkosningum.

   Lagt fram.

5. **Akademíureitur - breyting á aðalskipulagi (2025010481)**

   Bæjarstjórn staðfesti á fundi sínum þann 19. maí afgreiðslu umhverfis- og skipulagsráðs frá fundi dags. 8. maí á lýsingu og vinnslutillögu að breytingu á aðalskipulagi fyrir reit M3. Óskað er heimildar til að auglýsa tillögu að breytingu á aðalskipulagi.

Erindi frestað. Umhverfis- og skipulagsráð samþykkir 5-0 að fela Erlu Bjarný Gunnarsdóttur, lögfræðingi umhverfis- og framkvæmdasviðs, að vinna málið áfram í samstarfi við Vilhjálm Árnason bæjarstjóra.

6. **M2 miðbær - breyting á aðalskipulagi (2019060056)**

   Bæjarstjórn staðfesti á fundi sínum þann 19. maí afgreiðslu umhverfis- og skipulagsráðs frá fundi dags 8. maí á lýsingu og vinnslutillögu að breytingu á aðalskipulagi fyrir reit M2. Óskað er heimildar til að auglýsa tillögu að breytingu á aðalskipulagi.

   Umhverfis- og skipulagsráð heimilar að senda tillöguna til Húsnæðis- og mannvirkjastofnunar til skoðunar fyrir auglýsingu og auglýsa í framhaldinu.

7. **Njarðarbraut milli Norður- og Suður Fitja - aðal- og deiliskipulag (2025110452)**

   Lögð er fram tillaga að óverulegri breytingu á aðalskipulagi. Breytingin felst í að Grænás verði í breyttri legu og að gert er ráð fyrir hringtorgi við Njarðarbarbraut. Lögð er fram til auglýsingar skipulagslýsing og vinnslutillaga að nýju deiliskipulagi fyrir Njarðarbraut milli Norður- og Suður Fitja sbr. uppdrætti Eflu verkfræðistofu.

   Umhverfis- og skipulagsráð óskar eftir umsögn frá atvinnu- og hafnarráði.

8. **Suðurbrautarreitur Ásbrú - deiliskipulag (2023030660)**

   Af2 arkitektar fh. Stofnhúss leggja fram vinnslutillögu deiliskipulags fyrir Suðurbrautarreit, 3,3ha reitur kenndur við Suðurbraut 765. Á reit er gert ráð fyrir fjölbýlishúsum á 3-5 hæðum með allt að 300 íbúðum af fjölbreyttri gerð. Sérstakir byggingarreitir eru ætlaðir sérstakri notkun annarri en fyrir íbúðir, t.d. samkomuhús, garðskála o.fl.

   Samantekt umsagna og viðbrögð sveitarstjórnar liggja fyrir. Umhverfis- og skipulagsráð samþykkir að senda deiliskipulagstillöguna til Húsnæðis- og mannvirkjastofnunar til endanlegrar afgreiðslu.

9. **Hringbraut 130 (2026040204)**

   Tengibygging tímabundinnar lögreglustöðvar við bílgeymslu lögreglustöðvarinnar við Hringbraut sbr. uppdrætti Glóru.

   Umhverfis- og skipulagsráð telur að breytingin varði ekki hagsmuni annarra en sveitafélagsins og umsækjanda og samþykkir því breytinguna skv. 44. grein skipulagslaga málsgrein 3. Minnt er á að um er að ræða bráðabirgðahúsnæði og stefnt er á að nýtt húsnæði verði tekið í notkun árið 2028 sbr. umsókn dags. 23. nóvember 2023, sjá mál 8. Hringbraut 130 - bráðabirgðahúsnæði (2023110431) frá 328. fundi umhverfis- og skipulagsráðs.

10. **Hafnargata 45 (2026050242)**

    Vegna breytinga á annarri hæð hússins er sótt um nýjar svalir á norðausturhlið hússins vegna endurbættrar flóttaleiðar frá efri hæð sbr. uppdrætti JeES arkitekta.

    Samþykkt með fyrirvara um grenndarkynningu án athugasemda skv. 43. grein skipulagslaga málsgrein 2.

11. **Bolafótur - viðhorfskönnun  (2019051640)**

    Bolafótur Fasteignir ehf. óskar heimildar til að stækka skipulagssvæðið og fjölga íbúðum úr 27 í allt að 40 með því að bæta við þremur nýjum raðhúsalóðum. Um mikilvægt og viðkvæmt

svæði er að ræða. Umhverfis- og skipulagsráð fól skipulagsfulltrúa að kanna hug íbúa til mögulegra breytinga. Könnun var send íbúum og rekstraraðilum á svæðinu. Send voru út 64 bréf. 18 svör bárust. 14 voru á móti en 4 með.

Breyting á skipulagi er ekki tímabær, erindi hafnað. Róbert Jóhann Guðmundsson og Hjörtur Magnús Guðbjartsson sitja hjá við afgreiðslu málsins.

12. **Stapabraut 21 - auglýsingaskilti (2026010463)**

Atlantsolía sækir um breytingu á LED verðskilti. Ljósbúnaður verður endurnýjaður og skiltaflötur stækkaður sbr. aðaluppdrætti Teiknistofunnar Traðar dags. 22. janúar 2026. Umsóknin var grenndarkynnt. Athugasemdir bárust.

Umhverfis- og skipulagsráð samþykkir breytinguna til reynslu til eins árs og lýsingin verði sambærileg og LED skilti Atlantsolíu við Hólagötu.

13. **Götuheiti að urðunarstað Njarðvíkurheiði (2026060008)**

Á njarðvíkurheiði sunnan við Reykjansesbraut liggur gata að urðunarstað og spennuvirki. Lagðar eru fram tillögur að götuheiti.

Umhverfis- og skipulagsráð leggur til að gatan beri eftirfarandi nafn: Vörðuhóll.

14. **Grenndarstöðvar Reykjanesbæ (2025050211)**

Staðsetning við Afreksbraut var send í grenndarkynningu. Engar athugasemdir bárust á kynningartíma.

Erindi samþykkt.

15. **Afnot af landi (2026060041)**

AtNorth óska eftir tímabundnum afnotum af landi sbr. erindi dags. 20. maí 2026.

Umhverfis- og skipulagsráð samþykkir tímabundna landnotkun til þriggja ára, sveitarfélaginu að kostnaðarlausu og með fyrirvara um samþykki landeigenda.

———————————————————

Fleira ekki gert og fundi slitið kl. 11:12.